

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök, samtals kr. 750,00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. febrúar 1959.

Nr. 12/1959. **Jón Gíslason**

gegn

Þorsteini Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Ömerking ákvarðana héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur Hæstaréttar gekk í kærumáli aðilja 3. nóvember f. á., endurtók umboðsmaður sóknaraðilja í greinargerð fyrir héraðsdómi 7. s. m. fyrri kröfu sína um frávisun aðalmáls, ef eigi yrðu lagðar fram fógætadómssgerðir þær, er hann krafðist framlagningar á. Kvaðst hann að lokinni gagnasöfnun mundu krefjast sérstaks úrskurðar um nefnda aðalkröfu sína. Á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 9. janúar þ. á. lét umboðsmaður sóknaraðilja færa til bókar, að hann teldi gagnasöfnun um aðalkröfu sína lokið, og krafðist þess, að munnlegur málflutningur færi þegar fram um hana. Umboðsmaður varnaraðilja lét þá bóka, að þegar hefði gengið dómur í Hæstarétti um frávisunarkröfu sóknaraðilja, en auk þess hefði hann, — að hann taldi, um skyldu fram — „lagt fram þau skjöl, sem umboðsmaður stefnda hefur byggt frávisunarkröfu sína á, að vantaði“. Í greinargerð til Hæstaréttar 6. þ. m. staðhæfir umboðsmaður sóknaraðilja hins vegar, að enn vanti af dómskjölum lögbannsmálsins a. m. k. skjöl nr. 1—7 auk endurrits af bókun hans fyrir fógætarétti 12. ágúst f. á.

Að loknum framangreindum bókunum umboðsmanna málsaðilja létu héraðsdómendur færa til bókar: „Dómendur telja, að þegar hafi gengið Hæstaréttardómur um framkomna frávísunarkröfu. Umboðsmaður stefnda hefur krafizt á rskj. 8 sérstaks úrskurðar um kröfuna, er gagnasöfnun væri lokið. Nú er gagnasöfnun ekki lokið, og verður því úrskurður eigi nú upp kveðinn, en að sjálfsögðu verður krafan athuguð síðar af dómnum.“ Umboðsmaður sóknaraðilja mótmælti þessum skilningi dómenda og ákvörðun og endurtók kröfu sína um tafarlausan munnlegan málflutning um aðalkröfuna. Því til andsvars var þá enn bókað: „Dómendur ákváðu þá, að mál þetta yrði tekið fyrir föstudaginn 1. maí n.k. á skrifstofu sýslunnar í Borgarnesi kl. 1 e. h. Er þess vænt, að gagnasöfnun verði þá að fullu lokið, að áreið geti farið fram og munnlegur málflutningur.“

Með kærum 9. og 14. janúar þ. á., sem bærust Hæstarétti 19. s. m., hefur sóknaraðili kært framangreindar ákvarðanir héraðsdóms um frávísunarkröfu hans og frestun á aðalmálinu til 1. maí n.k. Krefst hann þess, að ákvarðanir þessar verði úr gildi felldar, *aðallega* þannig, að aðalmálinu verði vísað frá héraðsdómi, en *til vara*, að aðalmálið verði tekið til munnlegs málflutnings þegar í stað. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærðu ákvörðunum héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Eins og að framan er rakið, hefur sóknaraðili enn uppi kröfu um frávísun héraðsdómsmálsins. Samkvæmt ákvæðum 108. gr. laga nr. 85/1936 ber héraðsdómi að láta framfara málflutning um ágreining um slíka kröfu þegar í stað, nema sérstök ástæða sé til að veita frest, og að því búnu skal kveða upp sérstakan úrskurð eða dóm um ágreininginn í samræmi við 190.—193. gr. sömu laga. Héraðsdómur hefur ekki gætt þessara reglna um meðferð málsins, og ber því að fella hinar kærðu ákvarðanir úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar, enda verður ekki

séð, að ástæða hafi verið til frestunar á nefndum lögmæltum aðgerðum.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðilja dæmt að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 600,00.

Dómsorð:

Hinar kærðu ákvarðanir héraðsdóms eru úr gildi felldar, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Þorsteinn Jónsson, greiði sóknaraðilja, Jóni Gíslasyni, kr. 600,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1959.

Nr. 51/1958. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Rannveig Þorsteinsdóttir hdl.)

gegn

Gunnlaugi Stephensen (Páll S. Pálsson hrl.)
og gagnsök.

Dómdur:

hæstaréttardómarnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál út af brottvikningu úr opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. apríl 1958, gerir *aðallega* þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti og að felld verði niður ómerking á orðinu „drykkjumaður“ í greinargerð lögmanns hans fyrir héraðsdómi.